

STJÓRNARTÍÐINDI B 57 – 2001

25. maí 2001

1109

Nr. 417

GJALDSKRÁ

vegna eftirlits með mannvirkjagerð og framkvæmdum
á vegum Náttúruverndar ríkisins.

1. gr.

Náttúruvernd ríkisins innheimtir gjald af framkvæmdaraðilum vegna kostnaðar stofnunarinnar fyrir sérstakt eftirlit með mannvirkjagerð og öðrum framkvæmdum, sbr. 2. mgr. 7. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd.

2. gr.

Gjaldið skal vera kr. 4.900 án virðisaukaskatts fyrir hverja unna klukkustund sérfræðings.

Um gjöld fyrir akstur og dagpeninga fer samkvæmt reglum ferðakostnaðarnefndar á hverjum tíma.

3. gr.

Heimilt er Náttúruvernd ríkisins að gera sérstakan samning við eftirlitsskylda aðila um greiðslu gjalda fyrir eftirlit óski hinn eftirlitsskyldi eftir því og samkomulag næst um upphæð gjaldsins. Þetta getur jafnt átt við um einstök verkefni, sem og árlegt gjald fyrir eftirlit.

4. gr.

Gjaldskrá þessi er sett skv. 3. mgr. 7. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd og öðlast þegar gildi. Jafnframt er felld úr gildi gjaldskrá nr. 801/2000 með sama heiti.

Umhverfisráðuneytinu, 25. maí 2001.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Sigríður Auður Arnardóttir.

31. maí 2001

Nr. 418

AUGLÝSING

um deiliskipulag hluta lóðar Laugaskóla, Reykdælahreppi.

Á fundi sveitarstjórnar Reykdælahrepps þann 7. mars var samþykkt deiliskipulag hluta lóðar Laugaskóla í Reykjadal. Skipulagssvæðið afmarkast í suðri af landamerkjum Litlulaugaskóla, Litlu-Lauga og Laugafells, í norðri af landamerkjum að Laugavöllum, í vestri af Reykjadalsá og í austri liggja skipulagsmörk í hlíðum Laxárdalsheiðar. Flatarmál skipulagsreits er 17,5 ha af 32 ha lóð Laugaskóla. Í skipulaginu er gert ráð fyrir þremur nýjum lóðum fyrir einbýlishús og jafnframt skilgreindur byggingarreitur fyrir sundlaug. Helsta breyting frá fyrri tillögum liggur í legu vega og göngustíga um svæðið.